

250. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	15.12.2016	Fundartími:	17.00 – 18.00
Fundarstaður:	Mannvirkjastofnun	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Ottósson (KO), Jón Sigurjónsson (JS), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Birgir Hólm (BH), Svavar T. Óskarsson (STÓ) og Gunnlaugur Jóhannesson (GJ).		
Forföll:	Jón Guðmundsson (JG) og Gunnar Sigurðsson (GS)		

1. Fundur settur. Glæsilegar veitingar í boði Gunnlaugs hjá Verklögnum.
2. Fundargerð stjórnar nr. 249. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.
3. Ný liðin ráðstefna. Rætt var um að erindi á nýliðinni ráðstefnu, í tilefni 30 ára afmælis Lagnafélags Íslands, hafi verið góð. Hins vegar var mætingin ekki með besta móti og barst umræða á fundinum og hvað valdi því. Er það vegna tímasetningar ráðstefnunnar, að hún sé haldin á vinnutíma, eða er það áhugaleysi hjá félögum og þeim sem tengjast geiranum? Ljóst er að ákveðin kynslóðarskipti eru í geiranum og margir þeir sem starfað hafa fyrir og voru í stofnhópi Lagnafélagsins eru að hætta og störfum og falla frá. Mikilvægt er að þeir sem koma til með stýra fyrirtækjum í þessum geira í framtíðinni viti um það starf sem búið er að vinna í Lagnafélaginu. Þar má minnst á það fræðsluefni sem til er en ekki síst því viðhorfi sem félagið hefur barist fyrir sem snýr að frágangi kerfanna og að þeir sem starfi í geiranum beri virðingu fyrir mikilvægi góðra lagnakerfa.
4. Hvað er framundan. Það er ljóst að baráttan fyrir bættum lokafrágangi lagnakerfa mun halda áfram um ókomin ár. Þó nokkrar umræður sköpuðust á fundinum og framtíð Lagnafélagsins. Fundarmenn voru allir sammála um mikilvægi þess að félagið starfi áfram. Þó veltu menn því fyrir sér hvort félagið væri betur eða verr statt innan stærri samtaka og hvernig best væri að ná til fleira aðila innan geirans.

Framkvæmdarstjóri óskaði eftir því að stjórnarmenn hugleiði næstu skref félagsins yfir hátíðarnar og ræði það síðan áfram á næsta fundi.